

um, Ísafjarðarsýslum, Strandasýslu, í Mosfellsbæ, á Akranesi, í Borgarnesi, í Ólafsvík, í Stykkishólmi, á Ísafirði og í Bolungarvík. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veidistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefnir að fenginni tillögu fuglafriðunarnefndar. Veidistjóri og trúnaðarmenn hans sækja um leyfisskírteini til hlutaðeigandi lög-reglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veidistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok janúarmánaðar ársins 1989 skulu veidistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til 31. janúar 1989.

*Menntamálaráðuneytið, 17. febrúar 1988.*

F. h. r.

**Knútur Hallsson.**

*Runólfur Þórarinnsson.*

## REGLUGERÐ

### um grásleppuveiðar.

1. gr.

Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Leyfi til grásleppuveiða skulu bundin við báta 12 brúttórúmllestir og minni. Heimilt er þó að veita bátum stærri en 12 brl. leyfi til grásleppuveiða, enda hafi þeir stundað veiðar á grásleppuvertíð árið á undan og skilað skýrslum til Fiskifélags Íslands um þær.

Ráðuneytið getur bundið leyfi til grásleppuveiða eða úthlutun þeirra þeim skilyrðum, er þurfa þykir m.a. varðandi skýrsluskil um veiðarnar og skil vegna greiðslumiðlunar.

3. gr.

Óheimilt er að nota til aðstoðar við grásleppuveiðar bát stærri en 12 brl. t.d. til flutnings á afla, lagningar neta eða dráttar neta eða báta.

4. gr.

Leyfi til grásleppuveiða skulu bundin við eitt eftirgreindra veiðisvæða og tiltekið veiðitímabil:

- Fyrir Suður- og Vesturlandi, frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum að línu réttvísandi vestur frá Öndverðanesi, er veiðitímabilið frá 20. apríl til 20. júlí.
- Í Breiðafirði frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðanesi að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er veiðitímabilið frá 20. apríl til 20. júlí.
- Fyrir Vestfjörðum frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni, er veiðitímabilið frá 20. apríl til 20. júlí.

- d. Í Húnaflóa frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá, er veiðitímabilið frá 1. apríl til 1. júlí.
- e. Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi, er veiðitímabilið frá 20. mars til 20. júní.
- f. Fyrir Austurlandi frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur frá Hvítungum, er veiðitímabilið frá 20. mars til 20. júní.

Bátum er aðeins heimilt að stunda grásleppuveiðar á einu veiðisvæði ár hvert.

Ráðuneytinu er heimilt í veiðileyfum báta frá ákvæðnum byggðarlögum að víkja frá ofangreindum ákvæðum um veiðisvæði og veiðitíma, ef sérstakar ástæður þykja til vegna veiða þeirra undanfarin ár eða t.d. hafís hefur tálmað veiðar þeirra.

#### 5. gr.

Öll grásleppuhrogn skulu söltuð í vinnslustöð í landi, sem viðurkennd hefur verið af Ríkismati sjávarafurða. Söltun grásleppuhrogna um borð í bátum er bönnuð.

#### 6. gr.

Bátum, er grásleppuveiðar stunda, er óheimilt að stunda jafnframt þorskfiskveiðar í net.

#### 7. gr.

Sé einn maður á bát, er bannað að eiga fleiri en 100 grásleppunet í sjó.

Séu tveir menn á áhöfn, skulu ekki fleiri en 200 net í sjó.

Aldrei er heimilt að eiga fleiri en 300 net í sjó.

Takmörkun þessi á netafjölda miðast við 60 faðma ófellda slöngu, og fjölda starfandi sjómanna um borð í bát.

#### 8. gr.

Lágmarksmöskvastærð grásleppuneta, sem heimilt er að nota, er 10,5 þumlungar (266,7 mm).

Við ákvörðun á, hvort um grásleppunet eða rauðmaganet sé að ræða, teljast öll net, sem eru með stærri möskva en 8 þumlunga (203,3 mm), sem grásleppunet.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins og skal þá flöt mælistika, jafnbreið leyfilegri möskvastærð og 2 mm þykk komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netið skal mælt vott.

#### 9. gr.

Netabaujur skulu vera á báðum endum netatrossu og skulu allar netabaujur merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Á flaggið skal mála umdæmisbókstafi og tölur þess báts, sem notar netið. Sé bátur ekki skráður, skal flaggið merkt þannig, að greina megi hver sé eigandi netanna.

#### 10. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda, skulu senda Fiskifélagi Íslands skýrslur um veiðarnar.

#### 11. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn ráðuneytisins eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt, og er skylt að gera þessum aðilum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum, sem þeir telja nauðsynlegar.

#### 12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 139 5. mars 1986, um grásleppuveiðar.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 24. febrúar 1988.*

F.h.r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 3, 3. janúar 1983,  
um þorskfisknet sbr. reglugerð nr. 171, 21. mars 1983.**

## 1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með fyrsta mánudags eftir páska ár hvert, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að leggja, vera 7 þumlungar (178 mm).

Á tímabilinu frá og með fyrsta þriðjudegi eftir páska ár hvert, til og með 31. desember, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að leggja, vera 6 þumlungar (152 mm).

Í og út af Breiðafirði, frá línu sem dregin er réttvísandi vestur frá Malarrífi, að línu sem dregin er réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er óheimilt að leggja þorskfisknet með minni möskvastærð en 7 þumlungar (178 mm) á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 31. júlí ár hvert. Frá og með 1. ágúst til og með 31. desember, skal lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta sem heimilt er að leggja í Breiðafirði vera 6 þumlungar (152 mm).

## 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 171, 21. mars 1983, um breytingu á reglugerð nr. 3, 3. janúar 1983, um þorskfisknet.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 27. febrúar 1988.*

F. h. r.

**Arni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*